

# Álagning fasteignagjalda 2018

## Álagning fasteignagjalda í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,50 % <sup>1</sup> af húsmati og lóðarhlutamati.  
Fasteignaskattur B verði 1,32 % <sup>2</sup> af húsmati og lóðarhlutamati.  
Fasteignaskattur C verði 1,65 % <sup>3</sup> af húsmati og lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,70 % af lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði 3,00% af lóðarhlutamati.  
Vatnsgjald verði 0,258 % af húsmati.  
Holræsagjald verði 0,343 % af húsmati.  
Sorphreinsunargjald verði 28.828 kr. á heimili.  
Sorpeyðingargjald verði 13.682 kr. á heimili.

Fjöldi gjalddaga verði átta – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar

<sup>1)</sup> Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>2)</sup> Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>3)</sup> Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

## Reglur

### um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018

#### 1.gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2017 samanber álagningu skattstjóra 2018 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr.	3.416.095	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr	4.517.707	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr.	5.188.613	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr	6.201.088	0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 62.517.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

#### 2.gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti miðast við þá grunnforsendu að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1.gr í samræmi við eignarhlut þeirra.

#### 3.gr.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inn á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

**4.gr.**

Sömu reglur gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku (75%).

**5.gr.**

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. og 3. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

**6.gr.**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjaskattsstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

**7.gr.**

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2016 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2017. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning tekjuskatts ársins 2017 liggur endanlega fyrir í ágúst 2018 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 10. júlí 2018



The image shows the official seal of Fjarðabyggð Bæjarritari. The seal is circular with the text "FIARÐABYGGÐ" at the top and "Bæjarritari" at the bottom. In the center is a shield with a mountain range and waves. Overlaid on the seal is a handwritten signature in blue ink, which appears to be "Gunnar Jónsson". Below the signature, the name "Gunnar Jónsson" is printed in a standard font.

Samþykkt í bæjarráði 18. júní 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 21. júní 2018